

FUNDARGERÐ ÁRSFUNDAR 2015
Haldinn að Grand Hótel Reykjavík
miðvikudaginn 15. apríl 2015 kl. 17:00

Dagskrá ársfundar:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings - tryggingafræðileg úttekt - fjárfestingarstefna.
3. Tillögur til breytinga á samþykktum.
4. Samruni Gildis og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga.
 - gerð grein fyrir endanlegu uppgjöri og jöfnun réttinda skv. samrunasamningi sjóðanna.
5. Kosning/skipan stjórnar.
6. Ákvörðun launa stjórnarmanna.
7. Kjör endurskoðanda.
8. Önnur mál.

Fundarsetning

Harpa Ólafsdóttir stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Harpa gerði tillögu um Magnús Norðdahl hrl. sem fundarstjóra og var það samþykkt samhljóða.

Magnús Norðdahl tók við fundarstjórn og gerði tillögu um Bjarneyju Sigurðardóttur sem fundarritara sem var samþykkt samhljóða. Magnús gerði því næst grein fyrir lögmæti fundarins og upplýsti að hann hefði kannað boðun fundarins og áskildar auglýsingar og úrskurðaði hann löglegan þar sem rétt hefði verið til hans boðað. Magnús gekk þá til dagskrár og gaf Hörpu Ólafsdóttur formanni stjórnar orðið.

1. Skýrsla stjórnar

Harpa Ólafsdóttir stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar.

Í upphafi máls síns gat Harpa þess að 200. stjórnarfundur Gildis-lífeyrissjóðs hafi verið haldinn í ársbyrjun 2015 og segir Harpa þennan fjölda funda gefa ágæta mynd af umfangi sjóðsins frá því að hann var stofnaður árið 2005. Hún greindi því næst frá sameiningu Gildis-lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga þann 1. janúar síðastliðinn og sagði samanlagða eign sjóðanna vera um 410 milljarða króna. Harpa sagði sjóðfélagahópin vera líkan en sjóðfélagar beggja sjóðanna koma úr umhverfi sjómanna og verkafólks og margir eiga réttindi í báðum sjóðum. Harpa færði stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga bestu þakkar fyrir gott samstarf í samrunaferlinu.

Harpa vék því næsta að góðri afkomu Gildis, á árinu 2014. Samtryggingardeild sjóðsins skilaði 9,9% nafnávöxtun á árinu, sem jafngildir 8,8% raunávöxtun. Harpa benti einnig á að lág verðbólga á síðasta ári, ásamt góðri ávöxtun, hafi bætt heildarniðurstöðu tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins, sem var neikvæð um 0,9% í árslok 2014, en árið áður eða í árslok 2013 var staðan neikvæð um 3,5%.

Harpa sagði mikilvægt að spila vel úr eignum lífeyrissjóða í ljósi þess að þjóðin lifir nú lengur en áður og sagði það vera í burðarliðnum að hækka lífeyristökualdur upp í 70 ár í skrefum. Hún sagði þjóðina vera vinnufusa og atvinnuþátttöku vera háa hér á landi miðað við aðrar þjóðir. Miðað við þessar forsendur ætti hækkun lífeyristökualdurs að vera hægur vandi að mati Hörpu en hún benti jafnframt á að störfín eru ólík og hækkun lífeyristökualdurs gæti komið ver út fyrir Gildi en marga aðra sjóði, þar sem hátt hlutfall sjóðfélaga Gildis vinnur erfiðisvinnu.



Harpa vék því næst að örorkubyrði sjóðsins og sagði hlutfall örorku hjá Gildi vera hátt í samanburði við aðra sjóði, en hlutfall örorkulífeyris af heildarlífeyrisgreiðslum var 32% á árinu 2014 eða rúmlega 3,5 milljarðar króna. Vísaði hún í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 2005 um framlag til jöfnunar á örorkubyrði sem var jafnframt ein af forsendum kjarasamninga þess tíma og sagði það óskiljanlegt að ríkisstjórnin hafi tekið þá ákvörðun að skerða greiðslur til jöfnunar örorkubyrði með nýjum lögum sem samþykkt voru á Alþingi í lok árs 2014. Harpa sagði að stjórn Gildis sé nú nauðugur einn kostur að leggja fyrir ársfundinn tillögu til breytinga á samþykktum sjóðsins sem nemur skerðingum á framlagi þessa árs. Sagði hún að með þessum aðgerðum sínum sé ríkið að skerða sérstaklega lífsafkomu þess hóps sem sinnir erfiðisvinnu svo sem verkafólks og sjómanna.

Harpa vitnaði í nýja hluthafastefnu Gildis sem samþykkt var af stjórn í janúar 2015. Hluthafastefnan hefur kallað á mikla eftirfylgni starfsmanna sjóðsins, en sjóðurinn hefur nýtt hluthafafundi með markvissum hætti í þeim félögum sem hann á verulegan hlut í. Sagði hún að með hluthafastefnunni vilji stjórn sjóðsins leggja sitt af mörkum til að bæta stjórnarhætti og stuðla að framþróun á innlendum hlutabréfamarkaði.

Harpa vísaði í nýútkomna ársskýrslu sjóðsins og sagði hana gefa greinagóða mynd af stöðu og starfsemi Gildis. Hvatti hún fundarmenn til að kynna sér efni skýrslunnar. Þá þakkaði hún starfsfólki og stjórn gott samstarf á liðnu starfsári og þakkaði sérstaklega mikla og góða vinnu í sameiningarferli við samruna Gildis og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga og vinnu við gerð nýrrar hluthafastefnu.

Að lokum bauð Harpa nýja sjóðfélaga úr Lífeyrissjóði Vestfirðinga velkomna í hópinn.

Fundarstjóri lagði til að opnað yrði fyrir umræður eftir næsta dagskrárlið og var það samþykkt.

2. Kynning ársreiknings - tryggingafræðileg úttekt - fjárfestingarstefna

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir reikningum sjóðsins, tryggingafræðilegri úttekt og fjárfestingarstefnu.

Árni gerði í upphafi grein fyrir þeim þáttum sem skipta hvað mestu máli í afkomu sjóðsins og niðurstöðum reikningsins. Árið 2014 var hagstætt fyrir starfsemi sjóðsins, hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris jókst um 37 ma.kr. á árinu og var 371,3 ma.kr. í árslok 2014. Þar af var eign samtryggingardeildar 368,2 ma.kr og séreignar 3.073 m.kr. Fjárfestingartekjur námu tæpum 34 mö.kr. samanborið við 28 ma.kr. á árinu 2013. Iðgjöld sem greidd voru til sjóðsins á árinu jukust um 3,2% á milli ára, úr 13,6 mö.kr. í 14,1 ma.kr. Lífeyrisgreiðslur jukust um 11% frá fyrra ári, úr 10,2 mö.kr. í 11,3 ma.kr. á árinu 2014.

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt er mikil breyting til batnaðar frá fyrra ári en heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 0,9% í árslok samborið við 3,5% neikvæða stöðu árið áður. Áfallin staða er jákvæð um 1,7% en var neikvæð um 2,6% í árslok 2013.

Árni gerði því næst grein fyrir ávöxtun sjóðsins á árinu 2014. Samtryggingardeildin skilaði 9,9% nafnávöxtun sem samsvarar 8,8% raunávöxtun. Raunávöxtun séreignardeilda var þannig að Framtíðarsýn I skilaði 6,3%, Framtíðarsýn II 5,5% og Framtíðarsýn III 1,5% raunávöxtun. Árni benti á að erfitt sé að bera saman ávöxtun samtryggingar- og séreignardeilda vegna ólíkra uppgjörsaðferða og mismunandi eignasamsetningar deildanna eftir fjárfestingarstefnum. Góð ávöxtun ársins 2014 er borin uppi af innlendum hlutabréfum og skráðum erlendum hlutabréfum og erlendum framtakssjóðum.

Árni vék því næsta að samkomulagi sem náðist á árinu við slitastjórn Glitnis um viðurkenningu á kröfu sjóðsins vegna víkjandi skuldabréfs Glitnis. Lífeyrissjóðirnir sem áttu umrætt bréf náðu sameiginlegu samkomulagi við slitastjórn Glitnis í lok ársins um viðurkenningu á 70% af kröfunni. Krafa Gildis gekk að hluta upp í uppgjör skuldar vegna gjaldmiðlasamninga en samkomulagið skilaði í heild rúmlega 1.800 milljónum króna tekjufærslu í reikningum sjóðsins. Margir hafa velt fyrir sér hvers vegna lífeyrissjóðirnir sættu sig við þessa niðurstöðu, að fá 70% af

MW
FSO

kröfunni og sagði Árni það hafa verið sameiginlegt álit lögmanna sem að málinu komu að þetta væri ásættanleg niðurstaða fyrir sjóðinn, að klára málið með þessum hætti.

Árni gerði því næst grein fyrir helstu liðum úr ársreikningnum og vísaði í kynningarglærur sínar til frekari upplýsinga en þær eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins. Iðgjöld sem greidd voru til sjóðsins á árinu voru 14,1 ma.kr. og jukust um 3,2% á milli ára. Framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði var 1,1 ma.kr. þannig að samtals nema iðgjöldin 15,2 mö.kr. Lífeyrisgreiðslur á árinu voru 11,3 ma.kr. og sýndi Árni skiptingu lífeyrisgreiðslna, fjölda og fjárhæðir eftir tegundum lífeyris. Árni sagði það vera áhyggjuefni hve örorkuþátturinn hafi vaxið bæði í fjölda og fjárhæðum en benti jafnframt á að af stórum hluta mætti rekja þessa fjölgun til breyttra reglna hjá Tryggingastofnun ríkisins. Árni vísaði í samstarfið við VIRK starfsendurhæfingarsjóð og sagði að með því væri verið að reyna að sporna við aukningu á örorkuþættinum. Fjárfestingartekjur sjóðsins voru samtals 33,8 ma.kr. á árinu. Rekstrarkostnaður var 658 m.kr. sem er 3,2% hækkun á milli ára og gerði Árni grein fyrir stærstu liðum hans.

Árni fór yfir helstu tölur í efnahagsreikningi sjóðsins. Hrein eign til greiðslu lífeyris var 371,3 ma.kr. í lok árs, en þar af var eign samtryggingardeildar 368,2 ma.kr. og séreignar 3.073 m.kr. Helstu kennitölur samtryggingardeildar 2014 eru: Hrein raunávöxtun 8,8% og hrein nafnávöxtun 9,9%. Hrein meðalávöxtun sl. 5 ár 5,0% og sl. 10 ár 2,0%. Þá var rekstrarkostnaður sjóðsins 0,10%. Fjöldi virkra sjóðfélaga 28.073 og fjöldi lífeyrisþega 18.189.

Árni gerði grein fyrir helstu fjárfestingum ársins. Sýndi yfirlit yfir kaup og sölur verðbréfa á árinu 2014 og gerði grein fyrir helstu fjárfestingum í skráðum og óskráðum hlutabréfum og skuldabréfum ársins. Nettókaup í hlutabréfum voru um 19,4 ma.kr. og í skuldabréfum 21,9 ma.kr. Þá var sala umfram kaup í erlenda vogunarsafninu 367 m.kr. Að lokum sýndi Árni myndrænt skiptingu verðbréfaeignar samtryggingardeildar í árslok 2014. Stærstu eignaflokkarnir eru ríkistryggð skuldabréf sem eru 37,4% af safninu, erlend hlutbréf 26,8% og innlend hlutabréf 16,5% af safninu.

Fjárfestingarstefna

Árni vék því næst að fjárfestingarstefnu sjóðsins og sagði að markmið stefnunnar væri að ná sem bestri ávöxtun á fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem bjóðast á hverjum tíma að teknu tilliti til áhættu.

Í nýrri stefnu fyrir árið 2015 er lögð áhersla á að auka vægi innlendra hlutabréfa og skuldabréfa fyrirtækja. Þá er gert ráð fyrir fjárfestingu í erlendum skuldabréfum ólíkt því sem verið hefur undanfarin ár. Á móti verður dregið úr vægi ríkisskuldabréfa og innlána. Vikmörk eru áfram höfð nokkuð rúm til að hafa aukinn sveiganleika til fjárfestinga.

Tryggingafræðileg úttekt

Árni lauk yfirferð sinni á upplýsingum úr tryggingafræðilegri úttekt sjóðsins. Hann gat þess að Talmakönnun hafi unnið úttektina líkt og undanfarin ár og sömu forsendur notaðar í ár eins og í árslok 2013. Úttektin felst í að reikna út þá skuldbindingu sem þegar er áfallin í árslok miðað við áunnin réttindi sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar haldi áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir fara á lífeyri.

Árni gat þess að heildarstaða sjóðsins hafi batnað verulega og er neikvæð um 0,9% eða um 5,3 ma.kr. sem er mun betri staða en í árslok 2013 en þá var staðan neikvæð um 3,5%. Áfallin staða er jákvæð um tæpa 6,3 ma.kr. en var neikvæð um 9,2 ma.kr. árið áður.

Að lokum benti Árni á að í forsendum tryggingafræðilegrar úttektar koma reglulega fram nýjar töflur um lífslíkur. Þessar töflur hafa leitt í ljós að lífslíkur eru að aukast sem þýðir auknar skuldbindingar fyrir sjóðinn. Árni segir að næst þegar nýjar lífslíkur verði reiknaðar verði ekki eingöngu byggt á sögulegum upplýsingum heldur verði einnig litið til væntinga um auknar lífslíkur í framtíðinni. Þessum breytingum verður væntanlega mætt með hækkandi lífeyrisaldri og segist Árni reikna með að sú breyting verði tekin inn í skrefum á löngum tíma.

Magnús Norðdahl fundarstjóri opnaði nú mælendaskrá um þessa tvo dagskrárliði og bað þá sem vildu taka til máls að láta sig vita.

Til máls tók **Örn Pálsson** og vék að skýrslu formanns varðandi víkjandi skuldabréf Glitnis þar sem fram kemur að óvissu hafi nú verið eytt með því samkomulagi sem náðist við slitastjórn Glitnis og hafi það bætt stöðu sjóðsins um 1.800 milljónir. Örn rifjaði upp fjárfestinguna í þessu bréfi sem keypt var á miðju ári 2008 fyrir um 3,6 ma.kr. og sagðist vona að sú fjárfesting hafi verið vel ígrunduð fyrir kaupin. Örn sagðist reglulega hafa spurst fyrir um þetta mál og segist telja að um blekkingu í viðskiptum hafi verið að ræða hjá Glitni. Hann er ekki sáttur við að slitastjórn Glitnis komist hjá dómsmáli með þessu samkomulagi þar sem þeir greiða til baka einungis 70% af upphaflegri fjárhæð og telur ekki rétt að segja að þetta uppgjör hafi bætt stöðu stjóðsins. Örn spurði hvort það væri einsdæmi að Gildi hafi lánað fjármuni sjóðfélaga til að kaupa víkjandi skuldabréf sem þetta og ef svo er ekki, hvaða önnur lán sé um að ræða, hvenær þau viðskipti hafi verið gerð og stöðuna á þeim.

Örn vék því næst að raunávöxtun sjóðsins 8,8% og þakkaði fyrir þann ágæta árangur sem þar hefur náðst og sagði að fimm ára meðaltalsávöxtun sýni að verið sé að gera góða hluti í sjóðnum. Örn vísaði því næst í breyttar lánareglur í lok síðasta árs og ákvörðun um hækkun vaxta á lánum sjóðsins á sama tíma og vextir á markaði voru lækkaðir. Örn spyr hver ávöxtunarkrafa lána sjóðsins sé til sjóðfélaga?

Örn ræddi stöðu erlendra eigna í sjóðnum og er ánægður með að vogunarsjóðir eru að hverfa úr safninu. Hann segist sannfærður um að ávöxtun hér innanlands hefði skilað betri ávöxtun og telur hann mikla áhættu felast í fjárfestingum erlendis. Örn vék því næst að afléttingu gjaldeyrishafta og spurði hvort sjóðurinn hafi markað sér stefnu um hve hátt hlutfall muni verða í erlendum fjárfestingum þegar höftunum verði aflétt.

Örn vísaði í tillögu sem hann lagði fram á síðasta ársfundi varðandi ráðningarsamning og laun hjá forstjóra Haga og rifjaði upp að þessari tillögu hafi verið vísað til stjórnar til efnislegrar meðhöndlunar. Hann spurði hvar þetta mál væri statt og hvort stjórn Gildis hafi beitt sér í óhóflegum launamálum stjórnenda í þeim félögum sem Gildi á hlut í.

Örn benti á að við gerð nýrrar hluthafastefnu Gildis hafi vantaði samráð við sjóðfélaga. Hann telur stefnuna frekar loðna og er ósáttur við að felldur var út kafli úr fyrri stefnu þar sem m.a. er rætt um að sjóðurinn fjárfesti í samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum sem fylgi lögum og reglum og viðurkenndum viðmiðum um góða stjórnarhætti en fjárfesti ekki í fyrirtækjum sem ofbjóði siðferðisvitund almennings með ósanngjarnri framkomu s.s. varðandi kjör og stjórnunaraðferðir. Örn er óhress með þessa breytingu og spyr hvers vegna góður og vandaður kafli var tekinn út úr hluthafastefnunni og hver hafi samið nýja stefnu? Að lokum fagnaði Örn því að skipt hafi verið um endurskoðunarfyrirtæki.

Örn Arnþórsson tók því næst til máls og ræddi örorkulífeyrisgreiðslur sjóðsins. Örn sagði örorkubyrði sjóðsins hafa verið mjög háa í gegnum tíðina eða í kringum 30% af lífeyrisgreiðslum sjóðsins. Örn vísaði í niðurstöður síðasta árs og bendir á að nú sé þetta hlutfall komið í 32% og spyr hvort þetta hafi verið sérstaklega skoðað og hvernig standi á þessari aukningu á síðasta ári. Þá vísaði Örn í greiðslur sjóðsins til starfsendurhæfingarsjóðs, alls 136 m.kr. á síðasta ári og bendir á að þessi upphæð jafngildi launagreiðslum til 15 starfsmanna m.v. heildarlaunagreiðslur sjóðsins á árinu. Hann spyr hvort þessar greiðslur verði áfram með sama sniði næstu ár og veltir fyrir sér hvort kökunni sé rétt skipt?

Til máls tók **Jóhann Páll Símonarson** og vék að umræðunni um víkjandi skuldabréf Glitnis og óskaði eftir frekari útskýringum á 1.800 milljóna króna samningnum og velti upp þeirri spurningu hvað þetta bréf er búið að kosta Gildi t.d. í formi lögfræðikostnaðar. Jóhann vék að launakostnaði framkvæmdastjóra og gerði samanburð á milli ára. Jóhann vísaði í kjarabaráttu verkafólks og spurði formann sjóðsins hvort henni finnist þessi laun framkvæmdastjóra eðlileg. Jóhann Páll spurði einnig formann stjórnar hvort henni finnist eðlilegt að fjárfesta í áhættusömum rekstri eins

og Icelandair fyrir 5 ma.kr. og einnig í N1. Að lokum spurði Jóhann Páll hvers vegna sjóðfélagar fái ekki að vita hverjir eru í stjórn hinna ýmsu fyrirtækja sem fjárfest er í.

Árni Guðmundsson svaraði fyrirspurn Arnar Pálssonar um önnur víkjandi lán og sagði að Gildi hafi keypt önnur víkjandi skuldabréf á fjármálastofnanir fyrir árið 2008 en ekki eftir það. Árni sagðist ekki vera með þessar upplýsingar hér og nú en auðvelt sé að fletta þessu upp.

Árni svaraði því næst fyrirspurn um breyttar lánareglur og hækkun vaxta. Gildi breytti reglum sínum þannig að veðmörk voru hækkuð og lántökugjöld lækkuð en stefna sjóðsins hefur verið að bjóða upp á hagstæð kjör á sjóðfélagalánum. Árni benti á að þegar vaxtahækkunin var framkvæmd hafi Gildi verið að bjóða vexti sem voru mun lægri en vextir voru almennt á markaðnum og ekki verjandi að sjóðurinn væri að niðurgreiða vexti á sjóðfélagalánnum sínum. Varðandi ávöxtunarkröfu sjóðsins á sjóðfélagalánnum segir Árni að sjóðurinn reyni að fylgja markaðnum og vera í lægri kantinum og bjóða þannig hagstæð kjör á sjóðfélagalánnum sínum.

Varðandi fyrirspurn um gjaldeyrishöftin sagði Árni að sjóðurinn muni auka vægi erlendra eigna í safninu þegar höftunum verði aflétt. Árni sagði að sjóðurinn hafi ekki sett sér ákveðið markmið um hlutfall en stefnt sé að því að hækka vægi erlendra eigna við afnám hafta til að auka áhættudreifingu í safninu.

Árni svaraði því næst fyrirspurn um Haga og um hluthafastefnu Gildis sem mikil vinna hefur verið lögð í og sagði að sérfræðingar hafi verið fengnir til aðstoðar en öll stjórnin hafi unnið að gerð stefnunnar. Árni sagði að hluthafastefnan hafi verið unnin alveg upp á nýtt og einstaka setningar hafi tekið breytingum og bendir á mjög skýrar reglur í hluthafastefnunni varðandi upplýsingar sem félög verða að gefa varðandi starfskjarastefnur s.s. varðandi kauprétti og bónusa. Árni sagði að Gildi hafi verið með tillögur inni á fundum allra þeirra félaga sem þegar hafa haldið aðalfundi og þessar tillögur hafi verið til bóta varðandi stjórnarhætti og aðra þætti. Varðandi fyrirspurn Arnar um Haga sagði Árni að sá fundur verði ekki fyrr en í byrjun júní og því hafi ekki verið farið ofan í það mál ennþá en hann telji að í nýjum kafla í hluthafastefnunni, um starfskjarastefnur, sé tekið á þessum málum.

Árni vék því næst að svörum við fyrirspurn Arnar Arnþórssonar. Árni sagði að Gildi hafi miklar áhyggjur af aukningu í örorkubyrði og miklum greiðslum í örorku og telur vandann vera margþættan. Nýjar reglur almannatrygginga hafa haft veruleg áhrif en margir aðrir þættir spila inn í og með samstarfi við VIRK hefur verið leitast við að greina vandann. Árni var sammála Erni um að gjaldið til VIRK sé hátt en sjóðurinn bindi vonir við að þessi samvinna eigi eftir að skila sér.

Vegna fyrirspurnar Jóhanns Páls um kostnað vegna Glitnis málsins benti Árni á að þessar upplýsingar komi fram í ársskýrslu sjóðsins og sagði að Gildi hafi fengið endurgreiddan allan lögfræðikostnað vegna málsins.

Varðandi fjárfestingar í Icelandair og N1 svaraði Árni því til að það sé fjárfest í þessum félögum vegna þess að sjóðurinn telji þetta góða fjárfestingarkosti. Vegna fyrirspurnar um hverjir sitji í stjórnnum félaga sem Gildi hefur fjárfest í sagði Árni að á ársfundinum á síðasta ári hafi verið lesin upp nöfn þeirra einstaklinga sem sitja í stjórnnum hlutafélaga með stuðningi Gildis. Hann væri ekki með þær upplýsingar nú en þær væru til staðar fyrir þá sem vilja.

Harpa Ólafsdóttir svaraði Erni Arnþórssyni um samstarfið við VIRK og vísaði í rannsókn og skýrslu Talnakönnunar sem gerð var til að meta hvort að um ávinning væri að ræða af starfsemi VIRK. Harpa segir að samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar sé sýnilegur árangur af starfsemi VIRK og segist hún binda vonir við að þessi starfsemi muni skila árangri þegar fram í sækir. Harpa bendir einnig á að erfitt sé að meta hver staðan væri ef VIRK hefði ekki komið til sögunnar.

Varðandi fyrirspurn um laun framkvæmdastjóra sagði Harpa að borin séu saman laun í sambærilegum störfum og greitt samkvæmt því. Það sé mat stjórnar að framkvæmdastjóri sé vel að þessum launum kominn.

Til máls tók **Heimir Pálmason** og kom inn á umræður um víkjandi lánið hjá Glitni. Hann spyr hvort 70% sé í raun sú upphæð sem skilaði sér eða hver talan er í raun. Heimir kom einnig inn á framlag sjóðsins til VIRK 136 m.kr. og spurði hvort þetta er örugglega 0,13% framlag frá sjóðnum.

Árni Guðmundsson svaraði Heimi og útskýrði uppgjörið við Glitni, að það hafi verið 70% af kröfunni sem var viðurkennd, hluti fór til skuldajöfnunar og einnig spilaði inn í uppgjör á ríkistryggðu skuldabréfi ásamt fleiru sem er of flókið mál til að gera skil á þessum fundi. Hins vegar var uppgjörið á afleiðusamningnum, skuldajöfnunin, mat á þeirri kröfu sem eftir stóð og það var það sem gaf sjóðnum 1.800 milljónir til baka. Varðandi fyrirspurn Heimis um framlag til VIRK sagði Árni það vera samkvæmt lögum 0,13%.

Fleiri óskuðu ekki eftir því að taka til máls undir þessum dagskrárliðum. Fundarstjóri lokaði mælendaskrá og gekk til næsta dagskrárliðar.

3. Tillaga til breytinga á samþykktum

Árni Guðmundsson gerði grein fyrir tillögum ásamt greinargerð sem stjórn lagði fram til breytinga á samþykktum sjóðsins.

Tillögurnar ásamt greinargerð voru svohljóðandi:

Tillaga til breytinga á gr. 13.5.:

Greinin orðist svo (nýtt auðkennt með rauðu, yfirstrikaður texti fellur út):

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap eða óvígðri sambúð með sjóðfélaga, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. **Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem búa saman og hafa gert í a.m.k. tvö ár í sambandi sem jafna má til hjúskapar og eiga sameiginlegt skráð lögheimili. Sama gildir þótt sambúð hafi staðið skemur ef sambúðarfólkið á barn saman eða konan er þunguð. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabíl fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.**

Greinargerð með tillögu.

Skilgreining á réttthafa makalífeyris hefur ekki þótt eins skýr og skyldi þar sem mörg skilyrði hafa verið talin upp í sömu málsgrein og álitamál hvort uppfylla þurfi þau öll. Ætlunin er ekki að breyta inntaki skilgreiningarinnar heldur að gera hana skiljanlegri. Þá er lagt til að fellt verði út ákvæði um heimild sjóðsstjórnar til að greiða þeim makalífeyri sem sannanlega hefur annast heimili sjóðfélaga um árabíl fyrir andlát hans. Ákvæðið þykir bera með sér andblæ liðins tíma og kemur því sjaldan til álita. Þykir því tímabært að fella það úr samþykktum.

Álitaefni um réttthafa makalífeyris snýr að sambúðarfólki sem ekki hefur formlega skráð sig í sambúð með tilkynningu til Þjóðskrár. Í samræmi við ákvæði 16. gr. laga um lífeyrissjóði er miðað við að sambúðarfólk þurfi að hafa átt sameiginlegt lögheimili og til áréttingar aukið við að lögheimilið þurfi að hafa verið skráð. Er það í samræmi við efnisreglur laga um lögheimili að mönnum er skylt að skrá það. Þá eru tekin af tvímæli um að með sambúðinni sé átt við samband tveggja einstaklinga sem jafna má til hjúskapar. Þá er tilskilið að sambúðin þurfi að hafa varað í a.m.k. tvö ár en frá því skilyrði er vikið ef sambúðarkona er barnshafandi eða sambúðarfólkið á barn saman.

Loks er felldur út síðasti málsliður greinarinnar sem tekinn hefur verið upp úr ákvæði 16. gr. laganna en á ekki við í þessu samhengi. Hefur hann því ekki efnislega þýðingu og brottfellingin því ekki heldur.

Tillaga til breytinga á gr. 9.12.:

A og b-liðir 1. mgr. gr. 9.12. orðist svo (nýtt auðkennt með rauðu, yfirstrikaður texti fellur út):

- a. Auka skal réttindainnvinnslu sjóðfélaga sem nemur ~~4,2%~~ 4,5% iðgjalda þeirra. Réttindi skv. ákvæði þessu reiknast að fullu skv. reglum um aldursháða ávinnslu. Þessi réttindi skal auðkenna sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins og veita þau ekki rétt til framreiknings.
- b. Greiða skal viðbótarlífeyri til lífeyrisþega annarra en barnalífeyrisþega sem nemur ~~4,2%~~ 4,5% af lífeyri þeirra. Viðbótarlífeyririnn greiðist mánaðarlega eins og annar lífeyrir. Þessi viðbótarlífeyrir skal merktur sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins.

Greinargerð með tillögu:

Til þess að jafna stöðu lífeyrissjóða vegna mismunandi örorkubyrði hafa lífeyrissjóðir fengið úthlutað framlagi sem greiðist af tryggingagjaldi. Þetta byggir á lagasetningu í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnar í lok árs 2005 um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða sem var ein af forsendum kjarasamninga sem skrifað var undir árið 2006. Hlutfall örorku hjá Gildi er mjög hátt, hærra en hjá mörgum öðrum lífeyrissjóðum. Á grundvelli ákvæðis í samþykktum Gildis frá árinu 2011 hefur sjóðurinn nýtt þetta framlag til þess að hækka réttindi lífeyrisþega og greiðandi sjóðfélaga um 4,5%. Framlagið til Gildis nam á árinu 2014 rúmlega 1.100 milljónum króna.

Samkvæmt lögum sem samþykkt voru á Alþingi í lok árs 2014 mun framlag til jöfnunar á örorkubyrði skerðast um 20% frá 1. júlí 2015. Þetta þýðir að framlagið sem greitt verður fyrir árið 2015 verður 10% lægra en áður og síðan 20% lægra frá og með árinu 2016 að óbreyttum lögum.

Stjórn Gildis er því nauðugur einn kostur eftir tillögu tryggingafræðings sjóðsins skv. 2. mgr. gr. 9.12. í samþykktunum að leggja fyrir ársfundinn framangreinda tillögu til breytinga á a og b-lið 1. mgr. gr. 9.12. í samþykktunum sem gerir ráð fyrir að 4,5% hækkun á greiðslum til lífeyrisþega iðgjaldagreiðenda verði 4,2% og komi til framkvæmda á árinu 2016.

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá vegna þessara tveggja tillagna.

Til máls tók **Ólafur Pétursson**. Ólafur sagði að í ljósi þess að ávöxtun sjóðsins er góð, hvort það sé ekki of snemmt að grípa á sama tíma til skerðingar sbr. breytingu á grein 9.12. Ólafur velti fyrir sér hvort ef til vill hefði mátt bíða með skerðingu í eitt ár og sjá hvernig málin þróast.

Til máls tók **Örn Pálsson**. Örn tók undir hugmynd Ólafs Péturssonar um að bíða í eitt ár með að lækka framlagið og senda þannig þau skilaboð til ríkisstjórnarinnar að það þurfi að endurskoða þessa lækkun á framlaginu vegna örorkubyrði sjóðanna.

Fleiri óskuðu ekki eftir því að tala til máls. **Fundarstjóri** gekk því næst til atkvæðagreiðslu um tillögurnar.

Tillaga nr. 1: Breyting á grein 13.5: Samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga nr. 2: Breyting á grein 9.12: Samþykkt með 33 atkvæðum gegn 16.

Fundarstjóri skýrði frá því að nokkrar tillögur hafi borist fyrir fundinn frá Erni Pálssyni. Fundarstjóri gerði grein fyrir því að ef gerðar eru tillögur um breytingar á samþykktum sem varða einhver þau atriði sem eru í kjarasamningum þeirra aðildarsamtaka sem að sjóðnum standa, þá þurfi þau samtök að veita samþykki sitt fyrir því að slíkar breytingar komist að. Af þessum ástæðum væru ekki allar tillögur Arnar tækar til afgreiðslu á þessum fundi.

Fundarstjóri kynnti því næst þær fjórar tillögur Arnar Pálssonar til breytinga á samþykktum Gildis sem lagðar eru fyrir fundinn. Varðandi fyrstu tillögunu um að stjórnarmenn verði að eiga lögheimili hér á landi benti Magnús á að aflað hafi verið álits hjá lögfræðingum um gildi slíkrar breytingar. Niðurstaða þess álits sé sú að lög standi í vegi fyrir því að Fjármálaeftirlitið geti samþykkt þessa breytingu þar sem hún stangist á við lög. Magnús sagði að sama gildi um þá tillögu að strika út hluta af grein 4.5 er varðar skipun þriggja manna endurskoðunarnefndar, sú tillaga stangist einnig á við lög.

Tillögur Arnar Pálssonar til breytinga á samþykktum Gildis-lífeyrissjóðs

Eftirfarandi tillögur Arnar Pálssonar voru lagðar fyrir ársfund Gildis-lífeyrissjóðs á ársfundi sjóðsins 15. apríl 2015. Öðrum innsendum tillögum Arnar var hafnað af aðildarfélögum sjóðsins og voru því ekki teknar til afgreiðslu á fundinum, sbr. gr. 23.2. í samþykktum sjóðsins.

1. 1. másl. gr. 4.2. orðist svo: (nýtt auðkennt með rauðu):

Stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum skulu vera búsettir **og eiga lögheimili** hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu og mega ekki á síðustu fimm árum, í tengslum við atvinnurekstur, hafa fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

2. Gr. 4.3. orðist svo: (nýtt auðkennt með rauðu, yfirstrikaður texti fellur út):

Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en átta **sex** ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins **og að hámarki átta ár samanlagt**.

3. Gr. 4.5. orðist svo: (nýtt auðkennt með rauðu, yfirstrikaður texti fellur út):

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórn sjóðsins mótar innra eftirlit sjóðsins og skjalfestir eftirlitsferla, ræður **til tveggja ára** forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur **til tveggja ára** við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um að annast innra eftirlit. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingar- og áhættustefnu hans, setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá skal stjórnin setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyris-sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fá þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu. ~~Stjórn sjóðsins skal árlega skipa þriggja manna endurskoðunarnefnd sem hafi m.a. eftirlit með reikningshaldi, áhættustýringu og gerð ársreiknings sjóðsins í samræmi við ákvæði IX. kafla um ársreikninga nr. 3/2006.~~

4. Við 6. gr. gætist nýr liður, 6.2. svohljóðandi:

Endurskoðandi skal ráðinn til tveggja ára í senn.

Greinargerð með tillögum:

Tillögunum er ætlað að ná fram eftirfarandi:

Að takmarka starfstíma fulltrúa í stjórn sjóðsins og að auka skilvirkni í eftirliti með sjóðnum með því að kjósa endurskoðanda og eftirlitsaðila á tveggja ára fresti.

*MMV
BSO*

Fundarstjóri gaf því næst flutningsmanni tillagnanna, Erni Pálssyni, orðið.

Til máls tók **Örn Pálsson**. Örn gerði grein fyrir tillögum sínum og sagðist telja það lykilatriði að þeir stjórnarmenn sem starfi í stjórnun lífeyrissjóða séu búsettir á Íslandi og starfi hér á landi og sagði það koma sér á óvart að lög heimili það ekki og honum hafi ekki verið kunnugt um þau lög. Varðandi grein 4.3 telur Örn æskilegt að stytta setu stjórnarmanna og þeir sitji ekki lengur en sex ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn lífeyrissjóða og að hámarki átta ár samanlagt.

Varðandi breytingartillögu á grein 4.5 sagði Örn að hann telji endurskoðunina vera fullnægjandi og það þurfi ekki að leggja í aukakostnað vegna endurskoðunarnefndar. Honum var ekki kunnugt um að þessi tillaga hans stangaðist á við lög. Hann telur hins vegar æskilegt að skipta á tveggja ára fresti um eftirlitsaðila.

Fundarstjóri opnaði fyrir mælendaskrá vegna tillagna Arnar Pálssonar.

Guðríður Kristjánsdóttir spurðist fyrir um hvaða lög það væru sem þessar tillögur stangist á við.

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim lögum sem um ræðir. Vísaði hann í lög nr. 129/1997 þar sem skýrt er tekið fram í 31. grein að stjórnarmenn skuli vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Magnús sagði að lögheimilisákvæði stangist á við þetta ákvæði laganna.

Varðandi tillögu um endurskoðunarnefndina vísaði Magnús í lög nr. 3/2006 um ársreikninga, en þessum lögum var breytt árið 2008 og þar segir að við einingu tengda almannahagsmunum skuli starfa endurskoðunarnefnd. Þessi lög gilda um lífeyrissjóði þannig að breyting á samþykktum sjóðsins væri á skjön við þessi lög.

Til máls tók **Harpa Ólafsdóttir** og vék að tillögu um grein 4.3 varðandi það að stjórnarmenn skuli ekki sitja lengur en sex ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins. Harpa telur það afar óheppilegt að stytta þennan tíma og telur að þar með sé fulltrúum launamanna gert erfiðara fyrir að sitja í stjórn sjóðsins. Benti hún á að stjórnarmenn þurfi góðan tíma til að koma sér inn í stjórnarstarfið og krafa er um að þeir fari í sérstakt hæfismat hjá Fjármálaeftirlitinu. Hún telur því skynsamlegra að hafa tímabilið lengra og samfelld fyrir stjórnarsetu og leggur því til að núgildandi grein verði látin halda sér óbreytt.

Til máls tók **Árni Guðmundsson** og vísaði í tillögu Arnar varðandi grein 4.5. Árni benti á að í samþykktum sjóðsins sé ákvæði um hvað skuli gera á ársfundi sjóðsins og þar er m.a. nefnt að kjósa skuli endurskoðanda árlega á ársfundi. Árni telur að þrátt fyrir þetta ákvæði þá sé stjórn sjóðsins mjög meðvituð um það að endurskoðandi er ekki ráðinn til eins árs. Árni telur því óþarft að breyta samþykktum að þessu leyti.

Fundarstjóri spurði flutningsmann tillagnanna Örn Pálsson hvort hann vildi draga til baka þær tillögur sem stangast á við lög eins og fram hefur komið og samþykkti Örn það.

Fundarstjóri gekk því næst til atkvæðagreiðslu um tillögur nr. 2. og nr. 4. en einungis fyrrihluta tillögu nr. 3.

Tillaga nr. 2: Breyting á grein 4.3 Felld með öllum greiddum atkvæðum nema einu.

Tillaga nr. 3: Breyting á grein 4.5 Felld með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur.

Tillaga nr. 4: Breyting á grein 6.0 Felld með öllum greiddum atkvæðum gegn þremur.

4. Samruni Gildis og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga

Árni Guðmundsson rifjaði upp aðdraganda að samrunaferli Gildis-lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga sem lauk með undirritun samrunasamnings sjóðanna 19. september 2014 og endanlegri staðfestingu á aukaársfundum sjóðanna í desember. Í samrunasamningi var kveðið á um að samruninn skyldi miðast við áfallna stöðu lífeyrisskuldbindinga í árslok 2014 og að jafna ætti þann mun sem væri á hlutfalli eigna miðað við skuldbindingar sjóðanna. Einnig sagði að samruninn skyldi miða við kostnaðarhlutföll Gildis við tryggingafræðilegan útreikning. Árni sagði að kostnaðarhlutfall Lsj. Vestfirðinga hafi verið mun hærra en Gildis vegna smæðar sjóðsins og batnaði þar af leiðandi staða Lsj. Vestfirðinga sem nam þessum mun.

Árni sagði að tryggingafræðingur sjóðanna hafi í samræmi við samkomulag stjórnna sjóðanna og forsendur samrunasamningsins reiknað út að hækka skuli elli-, örorku- og makalífeyrisréttindi hjá Lsj. Vestfirðinga um 3,3% miðað við síðustu áramót.

Fundarstjóri opnaði fyrir mælendaskrá en enginn óskaði eftir að taka til máls.

5. Kosning/skipan stjórnar

Fundarstjóri benti á að eingöngu væri kosið um fulltrúa launafólks þar sem atvinnurekendur skipa sína menn í stjórn. Benti hann jafnframt á að aðeins fulltrúar launamanna á fundinum hafi atkvæðisrétt um þessa tillögu.

Tillaga kjörnefndar um fulltrúa aðildarsamtaka launamanna til tveggja ára, til ársfundar 2017:

Aðalmenn:	Elínbjörg Magnúsdóttir Harpa Ólafsdóttir
Varamenn:	Guðmundur Ragnarsson Margrét Birkisdóttir

Fundarstjóri lýsti eftir fleiri tillögum. Ekki komu fleiri tillögur fram og enginn mótmælti. Þessir fjórir fulltrúar eru því sjálfkjörnir sem fulltrúar launamanna til næstu tveggja ára.

Fundarstjóri gerði síðan grein fyrir skipan Samtaka atvinnulífsins í stjórn sjóðsins til tveggja ára:

Aðalmenn:	Hjörtur Gíslason Þorsteinn Víglundsson
Varamenn:	Jón A. Sveinsson Karen Kjartansdóttir

6. Ákvörðun um laun stjórnar

Fundarstjóri kynnti svohljóðandi tillögu um laun stjórnarmanna sem fæli í sér 4% hækkun milli ára:

Ársfundurinn samþykkir að mánaðarlaun aðalmanns verði kr. 93.018, laun formanns verði tvöföld eða kr. 186.036 og laun varaformanns verði kr. 139.527. Ef varamaður tekur sæti aðalmanns í stjórn greiðast kr. 46.509 fyrir hvern setinn stjórnarfund. Ef stjórnarfundir eru fleiri en 1 í hverjum mánuði skal greiða aukalega fyrir hvern setinn fund. Stjórnarmaður skal fá sömu greiðslu og varamenn fá greitt fyrir hvern setinn fund og formaður og varaformaður í sömu hlutföllum og að ofan greinir.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um tillöguna.

Til máls tók **Ólafur Pétursson**. Ólafur sagðist ekki skilja hvers vegna eigi að hækka stjórnarlaunin þegar kynnt hafi verið lækkun á lífeyrisréttindum sjóðfélaga. Ólafur telur æskilegra að bíða með að hækka stjórnarlaunin þar til búið er að semja á launamarkaði og hækka þá stjórnarlaunin til samræmis við það sem samið verður um.

Til máls tók **Þorbjörg Kristjánsdóttir** og mótmælti hækkun launa stjórnarmanna. Þorbjörg vísaði í hækkun stjórnarlauna hjá Granda og sagðist ekki skilja hvers vegna stjórnarmenn væru verðmætari en hinn almenni starfsmaður á gólfinu.

Til máls tók **Jóhann Páll Símonarson** og hvatti fundarmenn til að fella tillöguna.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og gekk **fundarstjóri** því næst til atkvæðagreiðslu um tillöguna.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn fimm.

7. Kjör endurskoðanda

Fundarstjóri kynnti tillögu til ársfundar um að Deloitte ehf. Smáratorgi 3, Kópavogi, verði endurskoðandi Gildis.

Fundarstjóri óskaði eftir fleiri tillögum. Enginn óskaði eftir að taka til máls og ekki bárust fleiri tillögur.

Fundarstjóri gekk því næst til atkvæðagreiðslu um tillöguna.

Tillagan var samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

8. Önnur mál

Fundarstjóri sagði frá tillögu til ályktunar sem lögð var fyrir fundinn frá Kristjáni Loftssyni. Tillagan barst of seint samkvæmt fresti sjóðsins og því ekki löglega fram komin. Það var mat fundarstjóra að þar sem tillagan væri of seint fram borin yrði hún ekki tekin til afgreiðslu á fundinum.

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá.

Til máls tók **Gunnar Halldórsson**. Gunnar ræddi mikilvægi þess að greiða í lífeyrissjóði og segist alla tíð hafi verið hvattur til að greiða í lífeyrissjóð. Hann segist ekki hafa meira út en þeir sem aldrei greiddu í lífeyrissjóði og spyr Gildi-lífeyrissjóð hvað hann hafi út úr því að greiða í lífeyrissjóði í áratugi. Gunnar spurði einnig hvort það væri rétt að þeir sem eru á örökubótum og fari yfir á ellilífeyri 67 ára verði skertir á þeim tímamótum. Gunnar ræddi um erfiðleika þeirra sem eru með lítið á milli handanna og ræddi um aðstoð líknarfélaga og annara við þennan hóp. Gunnar vék einnig að samspili lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar, ef lífeyrir hækkar hjá öðrum aðilanum þá skerðist hjá hinum og spurði hvort Gildi hafi hugsað sér að gera eitthvað í þessu máli. Gunnar velti fram þeirri spurningu hvort Gildi-lífeyrissjóður taki þátt í kostnaði við útförina hans. Hann sagði marga öryrkja ekki einu sinni eiga fyrir útförinni sinni og sagðist ekki skilja hvers vegna skattarnir okkar eru ekki nýttir til að greiða útför landsmanna. Gunnar vitnaði að lokum í blað um fjárfestingu og ráðgjöf og las upp ráðleggingar um hvernig hægt er að búa í haginn fyrir eftirlaunaaldurinn.

Til máls tók **Jóhann Páll Símonarson** og ræddi þátttöku atvinnurekenda og launþega á ársfundi Gildis. Jóhanni finnst dapurlegt að fulltrúar launþega hafi samþykkt tillögu um skerðingu um leið og þeir eru að vinna í kjarabaráttu fyrir sinn hóp. Jóhann ræddi launamál almennt og vék einnig að lánamálum sjóðsins og þeirri hækkun sem hefur orðið á lánnum undanfarin ár og benti á að margir hafi misst húsin sín út af þessari þróun. Jóhann þakkaði að lokum stjórninni fyrir góðan árangur á síðasta ári.

Til máls tók **Örn Pálsson** og ræddi ímynd lífeyrissjóða og sagðist hafa kannað hvað það væri sem menn væru óánægðir með. Örn segir að sjóðfélagar séu óánægðir með lýðræðið á ársfundum og að hafa ekki atkvæðisrétt á fundum og því hafi hann lagt fram tillögu um breytingu á stjórn sjóðsins. Samkvæmt tillögunni koma fjórir stjórnarmenn frá launþegahreyfingunni, þrír frá atvinnu-rekendum og einn væri kosinn á ársfundi sjóðsins. Tillagan var send til aðildarfélaganna til umfjöllunar en þau höfnuðu því að tillagan væri fram borin. Erni finnst það miður að aðildar-félögin vilji ekki auka lýðræðið í sjóðnum og benti á að 41 þúsund manns hafi greitt til sjóðsins á síðasta ári.

Til máls tók **Kristján Loftsson** framkvæmdastjóri hjá Hval hf. og stjórnaformaður HB Granda hf. Kristján las upp tillögu sína sem hann hafði sent til framkvæmdastjóra Gildis í tölvupósti 14. apríl. Kristján sagðist gera sér grein fyrir að tillagan hafi verið of seint fram komin samkvæmt samþykktum Gildis. Í ályktun sinni beinir Kristján þeim tilmælum til stjórnar Gildis að horfið verði frá þeirri stefnu að styðja einstaklinga til framboðs í stjórnir þeirra hlutafélaga sem sjóðurinn hefur fjárfest í og jafnframt að hafa ekki afskipti af þeim tillögum sem stjórnir þeirra félaga leggja fyrir hluthafafundi.

Ástæðan fyrir því að Kristján leggur fram þessa tillögu var að hans sögn aðkoma Gildis á aðalfundi Granda á dögunum. Kristján rakti því næst samtöl sín við Árna Guðmundsson og þar kom m.a. fram að Árni hafði gert Kristjáni grein fyrir þeim tillögum sem Gildi hugðist leggja fram á ársfundi Granda. Kristján rakti einnig ferlið í samskiptum sínum við Helgu Hlín Hákonardóttur lögmann fyrir fundinn hjá HB Granda, en Helga Hlín bauð sig fram í stjórn félagsins. Kristján var ósáttur við framgang Gildis í þessu ferli. Kristján sagðist skilja það að tillaga hans hafi ekki verið tekin fyrir á fundinum þar sem hún var of seint fram komin en sagðist myndi leggja hana fyrir aftur að ári liðnu.

Til máls tók **Heimir Pálmason**. Hann vísaði í samþykktir Gildis og sagði að í samþykktirnar vantaði viðauka C, sem er reiknigrundvöllur lífeyrisréttinda. Heimir vísaði því næst í geymd lífeyrisréttindi sjómanna og sagði þau hljóta skerðingar samkvæmt töflu 6. Heimir segir þessi geymdu réttindi ekki heldur vera að finna á heimasíðu sjóðsins og óskaði eftir að þau verði aðgengileg á heimasíðunni.

Til máls tók **Sigurður Bessason**. Sigurður vísaði í og ræddi tillögu Kristjáns Loftssonar. Sigurður benti á að eftir hrun hafi stjórnarmenn í lífeyrissjóðum gert sér betur grein fyrir því hversu mikilvægt það sé að vera meðvitaðir um starfsemi þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í og að hafa eftirlit með þeim fjármunum sem þar liggja. Sigurður er ósammála Kristjáni varðandi það að lífeyrissjóðir eigi ekki að skipta sér af þeim félögum sem þeir eigi hlut í og bendir á að það sé skrifað í reglur sjóðsins hvernig eigi að koma að þessum félögum. Þá ræddi hann hækkun stjórnarlauna í Granda og sagði að þessi hækkun sé óheppileg á sama tíma og kjarasamningar eru í gangi. Sigurður ræddi út frá ýmsum hliðum hversu mikilvægt það er að fylgjast með þeim fjármunum sem settir eru inn í fyrirtækin og sagði að lífeyrissjóðirnir eigi að hafa skoðun á því hvernig farið er með ýmis mál s.s. stefnur, bónusa og kaupaukakerfi.

Til máls tók **Kristján Loftsson** og sagði að Sigurði væri velkomið að hafa skoðun á þessum málum. Kristján telur þessa hækkun stjórnarlauna í Granda ekki ósanngjarna þar sem launin hækki úr 150 þúsundum í 200 þúsund og spyr Sigurð Bessason hver hann telji vera sanngjörn stjórnarlaun í Granda. Kristján segir þetta vera fyrsta fundinn í Granda þar sem lífeyrissjóðirnir komi inn með athugasemdir og gerði í stuttu máli grein fyrir aðkomu Lífeyrissjóðs verslunarmanna að fundinum, sem hann var mjög óánægður með. Kristján sagðist myndi beita sér með sama hætti á fundi hjá SA. Hann myndi hvetja fulltrúa SA í stjórn lífeyrissjóða til að beiti sér fyrir því að lífeyrissjóðir skipti sér ekki af stjórnarkjörum í fyrirtækjum. Kristján benti á að þessir fulltrúar geti haft aðhald á annan hátt þ.e. að fylgjast með afkomutölum sem eru birtar hjá Kauphöllinni á þriggja mánaða fresti og þar geti eigendur skoðað stöðuna og selt sinn hlut ef þeir eru ekki sáttir.

Sigurður Bessason svaraði Kristjáni Loftssyni varðandi hækkun stjórnarlauna í Granda og sagði að til þess að misbjóða ekki fólki í landinu hefði hækkunin átt að vera á bilinu 2% - 4%.

Til máls tók **Árni Jón Konráðsson**. Árni sagði að Geir Haarde hafi sett lög um að lífeyrissjóðir mættu ekki hafa fulltrúa í þeim félögum sem sjóðurinn ætti meirihluta í og því tók hann undir málflutning Kristjáns Loftssonar. Árni spurði um réttindi sín hjá sjóðnum og eftir hvaða lögum hann fengi greitt. Árni vék að lokum að verðtryggingunni og breytingum vegna hennar.


Árni Guðmundsson svaraði fyrirspurn Heimis Pálmasonar. Árni sagði að eintak viðauka C ætti að vera inni á heimasíðunni og sagðist skyldi kanna það mál ásamt upplýsingum um geymd réttindi sjómanna.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og þar sem dagskrá fundarins var tæmd gaf fundarstjóri **formanni stjórnar** orðið og sleit hann fundi kl. 19:20.

Með atkvæðisrétt á fundinum sátu 49 fulltrúar launamanna og 11 fulltrúar atvinnurekenda. Fjöldi annarra fundarmanna var um 40 manns.



Magnús Norðdahl fundarstjóri



Bjarney Sigurðardóttir fundarritari